

Fundargerð símafundar stjórnar samtakanna Landsbyggðin lífi, 13. mars 2025 kl. 20:30

Mættir: Sigríður B. Svavarsdóttir, Stefanía Gísladóttir, Hildur Þórðardóttir, Vigfús Ingvar Ingvarsson, Björgvin Hjörleifsson og Helga Guðný Kristjánsdóttir.

Dagskrá:

1. Heimsókn þriggja sænskra kvenna frá HSSL í samstarfi við Norræna félagið í tengslum við sænsk-íslenska árið 2024-2025. Þær munu halda fyrirlestur í sal Norræna félagsins við Óðinstorg hinn 25. mars kl. 4 um starf HSSL (Hele Sverje Ska Leve) og eru allir stjórnarmenn og félagar LBL hvattir til að mæta.

Búið er að koma á tveimur fundum 26. mars með konunum. Annars vegar í innviðaráðuneytinu, með aðilum sem hafa með landsbyggðarmál að gera, (Hólmfríður Sveinsdóttir ef þarf að tiltaka hver hittir okkur). Einnig fundur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir hádegi. Óskað eftir samþykki stjórnar til að bjóða þeim stöllum út að borða í hádeginu. Samþykkt án athugasemda og þá einnig daginn eftir.

Daginn eftir munu Stefanía og Hildur keyra með þær til nálæggra sveitarfélaga, Selfoss, Grindavík í sigtinu og verið er að negla niður tímasetningar.

2. Heimasíða HNSL. Verið er að setja upp heimasíðu samtakanna og Hildur er að þýða textann og laga að íslensku. Óskað eftir myndum úr starfinu sem lýsa vel hvernig því er háttað. Þarf að fara yfir textann.

3. Heimasíða LBL og þá aðallega netfangið landlif@landlif.is. Þar sem netfangið landlif@landlif.is hefur verið yfirtekið af ruslpósti er lagt til að það verði lagt niður og frekar notað landsbyggdinlifi@gmail.com sem Stefanía hefur notað fyrir erlent samstarf. Við getum alltaf opnað það gamla síðar ef okkur hugnast svo. Rætt um fleiri möguleika. Samþykkt að hafa þetta fyrirspurn@landlif.is.

4. Staða verkefna. Finnska verkefnið Coming Staying Living. Fyrsti veffundur verður haldinn 12. júní. Danmörk stendur fyrir fundinum og umræðuefnið er: „Hvernig er tekið á móti nýju fólki?“ Okkur er frjálst að koma ábendingum um fyrirlesara til hennar ef við vitum um sveitarfélög sem eru með sérstakt prógram sem þeir virkja þegar nýir íbúar flytja í plássíð og þeir tilbúnir að deila þekkingu sinni og reynslu. Fundurinn er opinn öllum, stjórnarliðum, félögum, almenningi en það þarf að skrá sig fyrir fram.

Búið er að senda bréf til allra sveitarfélaga á landinu og komið neikvætt svar frá Ísafirði og fimm öðrum. Reykhólahreppur er jákvæður.

Ekki önnur verkefni í gangi en nokkrar styrkumsóknir í ferli. Fréttist í fyrsta lagi í maí af niðurstöðum.

5. Dreifbýlisþing í Skotlandi í október 2025. Haldið í Aberdeen 21.-23. október. Hverjir ætla með? Makar? Þurfum að fara að vita hversu margir ætla. Flogið verður til Glasgow. Samþykkt að bjóða Sigríði með til Skotlands þó að hún verði hætt í stjórninni.

6. Fréttabréf LBL. Lagt er til að fréttabréf verði sent út í maí eftir ferð Hildar og Stefaníu til Valencia á fund ERCA. Mikilvægt að kynna fyrsta veffundinn 12. júní í bréfinu.

7. Önnur mál. Framkomu áhyggjur af stöðu mála á Blönduósi – miklu atvinnuleysi og tómum húsum. Hugmynd um aðalfund í byrjun október.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:20.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði